

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. mars 2018

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016 (EES-reglur, eftirlitsstofnanir o.fl.), 247. mál.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps til laga um breytinguna á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016. SFF styðja lögfestingu frumvarpsins en vilja vekja athygli á eftirfarandi.

**9. gr.**

Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður við 4. mgr. 69. gr. laganna þar sem segir að Fjármálaeftirlitið skal samþykkja fyrir fram ákvarðanir sem hafa í för með sér lækkun á gjaldþolsliðum váttryggingafélags, þ.m.t. endurkaupaáætlanir á eigin hlutabréfum.

Samkvæmt ákvæðinu eru því allar ákvarðanir sem hafa í för með sér lækkun á gjaldþolsliðum háðar fyrir fram samþykki FME, og endurkaupaáætlanir á eigin hlutabréfum einungis nefndar í dæmaskyni.

Þegar hins vegar athugasemdir við greinina eru skoðaðar kemur í ljós að þar er þessu öfugt farið. Þar segir að lagt sé til að bætt verði við ákvæðið því skilyrði að Fjármálaeftirlitið skuli samþykkja fyrir fram áform um að lækka hlutafé sem hefur í för með sér að gjaldþolsliðir váttryggingafélags lækka. Ákvæðið taki af öll tvímæli að um samþykki fjármálaeftirlitsins þurfi að liggja fyrir áður en váttryggingafélag tekur ákvörðun um lækkun hlutafjár sem hefur í för með sér lækkun á gjaldþolsliðum og veitir ákvæðum reglugerðar nr. 585/2017, um váttryggingastarfsemi, þar að lútandi lagastoð. Sem sagt með þessari lagabreytingu eigi að skerpa á ákvæðum reglugerðar um að leita skuli samþykkis FME varðandi fyrirráðlun váttryggingafélags um að lækka eigið fé með lækkun hlutafjár. Í athugasemdunum er ekki vikið að lækkun gjaldþolsliða af öðru tagi.

Ætla verður að markmiðið með þeirri breytingu sem mælt er fyrir um í 9. gr. sé að tryggja að áform váttryggingafélags um að lækka hlutafé sitt sem leiðir til að gjaldþolsliðir þess lækki, séu háð fyrir fram samþykki Fjármálaeftirlitsins, enda má ljóst vera af athugasemdum við þessa grein frumvarpsins að ekki er ætlast til að fyrir fram samþykkis eftirlitsins sé aflað í öðrum tilvikum. Ekki verður heldur séð að nein rökbundin nauðsyn krefjist þess að ákvæðið sé svo vídtækt eins og það er orðað í frumvarpinu. Er því nauðsynlegt að orðalagi frumvarpsins verði breytt með tilliti til þessa og er því lagt til að það hljóði á þessa leið:

*„Fjármálaeftirlitið skal samþykkja fyrir fram áform váttryggingafélags um að lækka hlutafé sitt ef lækkunin hefur í för með sér lækkun á gjaldþolsliðum félagsins, þ.m.t. áætlun um endurkaup á eigin hlutabréfum.“*

Ef Alþingi telur á hinn bóginn nauðsynlegt að hafa ákvæði greinarinnar svo víðtækt sem ráða má af orðalagi frumvarpsins er óhjákvæmilegt að í meðförum þingsins verði það skýrt nánar og rökstutt öllu betur en nú gert er í athugasemdum við frumvarpið, m.a. með tilvísunum í viðeigandi ákvæði í þeim tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins sem hér eiga hlut að máli.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur